

## Athugasemd frá Sigrúnu Ingu Reynisdóttur

**Til** : Berglind Guðmundsdóttir  
**Frá** : sigruninga@gmail.com  
**Heiti** : Athugasemd frá Sigrúnu Ingu Reynisdóttur  
**Málsnúmer** : 1211376  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 24.04.2018 17:00:24  
**Höfundur** : sigruninga@gmail.com

Við undirritaðir íbúar Brekkuás 1 mótmælum harðlega deiliskipulagi er varða Ásvallabrautina.

Við sjáum einungis ókosti við deiliskipulagið, þegar kostirnir geta legið lengra frá íbúðarbyggðinni, þ.e. Áslandi 3.

Íbúðarverð í Áslandi 3 rýrnar til muna og hverfið verður því ekki lengur eftirsóknarverð náttúruparadís eins og hún er nú. Loftgæði hverfisins versna sem og hljóðvist og fuglalíf kemur til með að deyja út í þessu fallega hverfi.

Stofnbrautir eiga aldrei heima í hverfi sem þessu, það sem óspillt náttúran fær að njóta sín og þar sem mikið af börnum er að leik í hverfinu upp á hvern einasta dag.

Frá okkar bæjardryrum séð, þá er okkar missi mikill þar sem við erum með útsýni yfir Keili, Bláfjöll, hesthúsin, skógræktina og óspillta náttúru... Svona svolítið eins og að vera í sveitinni. Á heimilinu er lítill drengur sem veit ekkert skemmtilegra en að röltu og gefa hestunum tína krækiber og blóm fyrir mömmu sína. Allt það sem ég nefndi núna verður tekið af honum og ekki bara honum heldur, öllum börnunum í hverfinu. Það vill ekkert foreldri hleypa barninu sínu svona nálægt stofnbraut með tilheyrandi umferðarþunga og bílanið. Stóri fallegi hornluggin okkar með öllu útsýninu er eins og listaverk eftir Kjarval, kemur til með að breytast í útsýni yfir hljóðmön og hljóðvarnavegg, bílaumferðarþunga og mengun. Þetta þarf ekki að fara svona.

Við íbúar í Áslandi 3 eigum betra skilið, það getum við öll verið sammála um.

Verndum náttúruna og dýralífið.

Þösum upp á það mikilvægasta sem við eigum, börnin okkar, enga stofnbraut í barnahverfið takk.

Með virðingu og vinsemd.

Sigrún Inga Reynisdóttir  
Jóhanna Birna Gísladóttir  
Reynir Örn Sigrúnarson  
Brekkuási 1